

# **MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL**

# **EVVRÓPU 2018**

**Dómareifanir**

1. hefti 2018 (janúar–júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

**Ritstjóri:** Eiríkur Jónsson  
**Ritnefnd:** Krístrún Kristinsdóttir  
Sigrún Ingibjörg Gísladóttir

Mannréttindadómstóll Evrópu  
Dómareifanir 1. hefti 2018, (janúar–júní)  
© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands  
ISSN 1670-6145  
Umbrot: Þorkell J. Sigurðsson  
Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

## Frá ritstjóra

Í hefti þessu eru reifanir á nokkrum helstu dómum Mannréttindadómstóls Evrópu á fyrri hluta árs 2018. Umsjónarmaður með heftinu var Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, lögmaður, en að gerð dómareifana unnu namar við lagadeild Háskóla Íslands, þau Kristín Kolka Bjarnadóttir og Stefán Snær Stefánsson.

Hér er um að ræða þriðja heftið sem kemur út á skömmum tíma eftir umtalsverðar mannbreytingar sem urðu hjá Mannréttindastofnun Háskóla Íslands árið 2018. Undirritaður tók þá við stjórnarformennsku stofnunarinnar og gerðist ritstjóri dómareifana, en Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, tók sæti í stjórn stofnunarinnar og ritstjórn. Þá settist Kristrún Kristinsdóttir, héraðsdómari og stjórnarmaður stofnunarinnar, einnig í ritstjórn. Loks tók Sigríður Svavarsdóttir, deildarstjóri lagadeildar, við sem starfsmaður stofnunarinnar. Björg Thorarensen situr sem fyrr í stjórn Mannréttindastofnunar og hefur það mikla þýðingu fyrir okkur sem þar koma að störfum þar sem Björg hefur verið mikill frumkvöðull að starfi stofnunarinnar og útgáfu dómareifana.

Á þessu fyrsta ári nýrrar stjórnar leitast Mannréttindastofnun Háskóla Íslands sem fyrr við að vera leiðandi á sviði faglegrar umræðu um mannréttindi. Stóð hún ásamt fleiri aðilum fyrir fundaröð um tjáningarfrelsi á haustönn 2018 sem styrkt var af forsætisráðuneytinu. Fundaröðin fól í sér þrjá hádegisfyrirlestra þar sem mæting var góð og umræður líflugar. Þá kom stofnunin að hátíðarfundum í tilefni af 70 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna 10. desember 2018.

Stofnunin hefur sem fyrr komið að íslenskri þýðingu á dómum Mannréttindadómstóls Evrópu í málum gegn Íslandi en þeir hafa verið allmargir síðustu misseri. Loks hefur stjórnin leitast við að vinna upp þann halla sem orðið hafði á útgáfu dómareifana þessara. Er stefnan sú að hann verði leiðréttur að fullu á næsta ári.

*Eiríkur Jónsson.*



## Efnisyfirlit

### 1. hefti 2018 (janúar–júní)

<b>5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi</b> .....	6
<i>Şahin Alpay gegn Tyrklandi</i> .....	6
<b>6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi</b> .....	9
<i>Mirovni Institut gegn Slóveníu</i> .....	9
<i>Naït-Liman gegn Sviss – Yfirdeild</i> .....	10
<i>Correia de Matos gegn Portúgal – Yfirdeild</i> .....	13
<i>Zubac gegn Króatíu – Yfirdeild</i> .....	15
<i>Baydar gegn Hollandi</i> .....	16
<b>7. gr. Engin refsing án laga</b> .....	18
<i>G.I.E.M. S.R.L. og aðrir gegn Ítalíu – Yfirdeild</i> .....	18
<b>8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu</b> .....	21
<i>Anchev gegn Búlgaríu</i> .....	21
<i>National Federation of Sportspersons' Associations and Unions (FNASS) og aðrir gegn Frakklandi</i> .....	23
<i>Hadzhieva gegn Búlgaríu</i> .....	24
<i>Libert gegn Frakklandi</i> .....	26
<i>Lozovyye gegn Rússlandi</i> .....	27
<i>M.L. og W.W. gegn Þýskalandi</i> .....	28
<b>10. gr. Tjáningarfrelsi</b> .....	25
<i>Sekmadienis gegn Litháen</i> .....	30
<i>Şahin Alpay gegn Tyrklandi</i> .....	31
<b>15. gr. Skerðing réttinda á hættutímum</b> .....	32
<i>Şahin Alpay gegn Tyrklandi</i> .....	32
<b>35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt</b> .....	33
<i>Írland gegn Bretlandi</i> .....	33
<b>1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar</b> .....	35
<i>Radomilja o.fl. gegn Króatíu – Yfirdeild</i> .....	35
<i>O'Sullivan McCarthy Mussel Development Ltd. gegn Írlandi</i> .....	36

---

## 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

---

**Şahin Alpay gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 20. mars 2018**

**Mál nr. 16538/17**

**1. tl. og 3.–5. tl. 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

**15. gr. Skerðing réttinda á hættutímum**

***Blaðamaður. Tjáningarfrelsi. Gæsluvarðhald. Málshraði.***

### 1. Málsatvik

Kærandi, **Şahin Alpay**, er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur árið 1944. Hann er blaðamaður en hefur einnig kennt stjórn málafræði við einkarekinn háskóla í Ístanbul. Kærandi starfaði fyrir dagblaðið *Zaman* frá 2002 þar til það var lagt niður 27. júlí 2016 í kjölfar yfirtöku tyrkneskra stjórnvalda á blaðinu. Dagblaðið var kennt við Gülen-samtökin, sem skilgreind eru af tyrkneskum stjórnvöldum sem hryðjuverkasamtök.

Hinn 21. júlí 2016 tilkynnti Tyrklandi Evrópuráðinu að það áskildi sér rétt til þess að víkjast undan skuldbindingum skv. 15. gr. sáttmálans á þeim grundvelli að búið væri að lýsa yfir neyðarástandi í því skyni að bregðast við „ögn gegn tilveru þjóðarinnar“ sem hafði skapast eftir tilraun hersins til valdaráns 15. júlí 2016, svo og vegna hryðjuverkaárása í ríkinu. Tyrkland tilgreindi þó ekki sérstaklega hvaða ákvæðum stæði til að víkjast undan.

Hinn 27. júlí 2016 var kærandi handtekinn á heimili sínu vegna gruns um aðild að hryðjuverkasamtökum kennd við Gülen (FETÖ/PDY). Kærandi var leiddur fyrir dómara þann 30. júlí 2016 og úrskurðaður í gæsluvarðhald á þeim grundvelli að greinar eftir hann hefðu auglýst hryðjuverkasamtökin. Beiðnum kæranda um að vera leystur úr haldi var hafnað og þann 8. september 2016 leitaði kærandi til stjórnskipunardómstóls Tyrklands.

Hinn 10. apríl 2017 gaf saksóknari í Ístanbul út ákæru fyrir Ístanbul Assize dómstólnum á hendur Alpay og fleiri grunuðum um aðild að hryðjuverkasamtökunum Gülen. Voru þeir ákærðir fyrir að hafa komið að valdaránstílnum gegn tyrkneskum stjórnvöldum. Þegar dómur Mannréttindadómstólsins gekk voru þessi málaferli enn í gangi og kærandi í varðhaldi í Ístanbul.

Stjórnskipunardómstóll Tyrklands dæmdi þann 11. janúar 2018 að brotið hefði verið gegn rétti til frelsis og mannhelgi, tjáningarfrelsis og fjölmiðlafrelsis í máli kæranda og annarra. Þrátt fyrir þann dóm hefur dómstóll í Ístanbul hafnað beiðnum kæranda um lausn úr haldi.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### ***Kæran***

Kærandi byggði í fyrsta lagi á 1. og 3. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmálans þar sem hann taldi sig hafa sætt ónauðsynlegu gæsluvarðhaldi sem stæði enn yfir og að

## 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

engar sannanir væru fyrir því að hann hefði framið lögbrot. Hann kvartaði einnig yfir því að hann sætti enn gæsluvarðhaldi eftir dóm stjórnskipunardómstólsins þann 11. janúar 2018. Þá kvartaði hann yfir óhóflegri lengd gæsluvarðhalds yfir sér sem væri örökstutt af dómstólum.

Í öðru lagi gerði kærandi athugasemd við málshraða hjá stjórnskipunardómstólum með vísan til 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Í þriðja lagi kvartaði kærandi yfir því að hann hefði ekki haft möguleika á að sækja bætur vegna ólögðmætrar frelsissviptingar eins og 5. mgr. 5. gr. sáttmálans gerir ráð fyrir.

Í fjórða lagi taldi kærandi að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi hans, sbr. 10. gr. sáttmálans.

Í fimmta lagi byggði kærandi á því að hann hefði verið sviptur frelsi fyrir að gagnrýna stjórnvöld sem færi gegn 18. gr. sáttmálans um takmörkun á skerðingu réttinda.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók afstöðu til tilkynningar Tyrklands til Evrópuráðsins og komst að þeirri niðurstöðu að formlegum kröfum 3. mgr. 15. gr. sáttmálans hefði verið mætt og að tilraun til valdaráns hersins teldist vera „neyðarástand sem ógnaði tilveru þjóðar“ í skilningi sáttmálans. Dómstóllinn mat síðan efnistöð málsins út frá því hvort ýtrasta nauðsyn hefði krafist þessa til að firra áföllum.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Dómstóllinn leit í því sambandi til dóms stjórnskipunardómstólsins frá 11. janúar 2018 þar sem gæsluvarðhald kæranda var sagt brjóta gegn stjórnarskrá landsins en að þrátt fyrir það hefði kæranda ekki verið sleppt lausum. Með því að annar dómstóll virti ekki endanlega og bindandi niðurstöðu stjórnskipunardómstóls leit Mannréttindadómstóllinn svo á að brotið væri gegn grundvelli réttarríkisins og fyrirsjáanleika laga. Þannig hefði ekki verið um að ræða málsmeðferð sem segir í lögum.

Hvað varðar tilkynningu Tyrklands á grundvelli 15. gr. sáttmálans leit dómstóllinn svo á að gæsluvarðhald, sem er ólögðmætt vegna þess að ekki er til staðar rökstuddur grunur, geti ekki talist nauðsynlegt vegna aðstæðna sem réttlæta beitingu ákvæðisins.

Mannréttindadómstóllinn hafði í öðrum málum komist að þeirri niðurstöðu að vegna þess að dómur stjórnskipunardómstólsins væru bindandi þá væri til staðar raunhæft úrræði í gæsluvarðhaldsmálum. Áskildi hann sér rétt til þess að endurmeta skilvirkni stjórnskipunardómstólsins og vernd skv. 5. gr. sáttmálans.

Þar sem dómstóllinn var búinn að komast að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans með ólögðmætu varðhaldi yfir kæranda, taldi hann ekki tilefni til þess að líta einnig til 3. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Varðandi málshraða stjórnskipunardómstólsins komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þótt kærandi hefði þurft að bíða í 16 mánuði og þrjú daga eftir

## 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

niðurstöðu í máli sínu væri ekki um að ræða brot á 4. mgr. 5. gr. sáttmálans í þessu tilvik. Mál kæranda hefði verið flókið og fordæmisgefandi og dómstóllinn hefði haft mjög mörg mál á sinni könnu í kjölfar neyðarástands í Tyrklandi. Dómstóllinn tók þó fram að þótt ekki væri um að ræða brot í þessu tilvik þýddi það ekki að stjórnskipunardómstóllinn mætti alltaf vera svona lengi með mál.

Dómstóllinn vísaði frá þeim lið kærunnar er laut að bótarétti samkvæmt 5. mgr. 5. gr. þar sem sýnt þótti að kærandi hafði fengið tækifæri til að sækja bætur.

Þá taldi dómstóllinn brotið gegn 10. gr. sáttmálans. Dómstóllinn leit til aðstæðna í Tyrklandi í kjölfar valdaránstílaunarinnar og komst að því að ekki væri hægt að nota neyðarástand sem átyllu til að skerða frelsi til stjórn málaumræðu þar sem um væri að ræða hornstein í lýðræðisríkjum. Aðgerðir yrðu að miða að því að vernda lýðræðið gegn ógnum og stjórnvöld yrðu að vernda grunnstoðir lýðræðis-samfélagsins svo sem fjölhyggju, umburðarlyndi og viðsýni. Gagnrýni á stjórnvöld og birting upplýsinga ætti ekki að leiða til þess að einstaklingur væri sóttur til saka fyrir alvarlega glæpi svo sem hryðjuverk, tilraunir til valdaráns eða að dreifa áróðri um hryðjuverk. Ef þörf er á slíkum ákærum skal eingöngu líta á gæsluvarðhald sem neyðarúrræði. Gæsluvarðhald er enda til þess fallið að hafa kælandi áhrif á tjáningarfrelsi í samfélaginu, jafnvel ef viðkomandi er síðar sleppt. Dómstóllinn leit svo á að sömu sjónarmið ættu við hér og um 5. gr. sáttmálans hvað varðar tilkynningu tyrkneskra stjórnvalda á grundvelli 15. gr. og var þannig talið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn sá ekki ástæðu til að fjalla um 18. gr. sáttmálans sérstaklega.

Dómstóllinn benti á að samkvæmt 46. gr. sáttmálans um bindandi áhrif dóma Mannréttindadómstólsins væri tyrkneskum stjórnöldum skylt að leysa kæranda úr haldi eins skjótt og auðið væri þar sem dómstóllinn hefði komist að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.



---

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

---

Mirovni Institut gegn Slóveníu

Dómur frá 13. mars 2018

Mál nr. 32303/13

1. mgr. 6. gr.

*Réttlát málsmeðferð. Munnlegur málf lutningur.*

### 1. Málsatvik

Kærandi er einkarekin stofnun með höfuðstöðvar í Ljubljana sem framkvæmir rannsóknir á sviði félagsvísinda. Í júní 2003 tilkynnti mennta-, vísinda- og íþróttamálaráðuneyti Slóveníu að það myndi fjármagna vísindalegar rannsóknir og óskaði eftir umsóknum frá stofnunum. Kærandi sendi inn umsókn en var hafnað af ráðuneytinu í febrúar 2004. Í kjölfarið fór kærandi fyrir stjórnsludómstól og krafðist þess að ákvörðun ráðuneytisins yrði ógild. Stjórnsludómstóllinn dæmdi ákvörðunina ógilda og vísaði málinu aftur til ráðuneytisins. Í október 2009 fór kærandi aftur fyrir stjórnsludómstól og kvartaði yfir því að ráðuneytið hefði ekki tekið ákvörðun í máli stofnunarinnar innan fyrirskipaðra tímamarka. Í mars 2010 ákvað ráðuneytið aftur að kærandi myndi ekki njóta neinnar fjármögnunar. Ráðuneytið rökstuddi ákvörðun sína með því að kærandi hefði verið metinn sem fimmta besta stofnunin á sviði stjórnmálafræði sem sótti um og aðeins fjórar stofnanir á því sviði yrðu fjármagnaðar. Eftir þá ákvörðun bætti kærandi við stjórnslukæru sína og kvartaði yfir ákvörðunarferli og rökstuðningi ráðuneytisins. Kærandi hélt því fram að matsferlið hefði ekki verið óháð þar sem sumir af matsaðilum störfuðu með þeim stofnunum sem fengu fjármagn. Kærandi benti á að einu stofnanirnar sem hefðu verið fjármagnaðar væru þær sem matsaðilar veittu forystu. Báðir aðilar skiluðu inn skriflegum gögnum á víxl til stjórnsludómstólsins sem að lokum vísaði málinu frá án munnlegs málf lutnings. Í ákvörðun stjórnsludómstólsins kom fram að matsferli ráðuneytisins hefði ekki verið ólögmaett eða óeðlilegt en ekki var rökstutt hvers vegna ekki var gefinn kostur á málf lutningi. Þar að auki var ekki vikið að neinum þeim gögnum sem kærandi hafði lagt fram máli sínu til stuðnings í ákvörðun stjórnsludómstólsins. Kærandi áfrýjaði til hæstaréttar og kvartaði yfir málsmeðferð stjórnsludómstólsins. Hæstiréttur vísaði málinu frá án rökstuðnings. Kærandi fór þá fyrir stjórnskipunardómstól sem vísaði málinu frá á þeim grundvelli að ekki væri um að ræða mikilvæga stjórnskipunarlega spurningu eða brot á mannréttindum.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi byggði á 1. mgr. 6. gr. mannréttinasáttmálans og hélt því fram að brotið hefði verið á rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar þar sem stjórnsludómstóllinn hefði ekki boðið upp á munnlegan málf lutning og ekki rökstutt þá ákvörðun sína.

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

### *Niðurstæða*

Dómstóllinn byrjaði á að kanna hvort tilvik kæranda, neitun á fjármagni, félli undir 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Dómstóllinn hafði áður útilokað að ákvæði 6. gr. sáttmálans ættu við um málsmeðferð í útboðum stjórnvalda þar sem væri svigrúm til ákvarðanatöku og enginn réttur til að verða fyrir valinu. Í máli *Regnar gegn Tékklandi* gerði dómstóllinn aftur á móti greinarmun á því þegar stjórnvöld hafa annars vegar algjörlega frjálst val um veitingu tiltekinna gæða og hins vegar því þegar lög gera ráð fyrir að aðili geti leitað atbeina dómstóla sem geta úrskurðað um gildi slíkrar ákvörðunar. Í seinna tilvikinu á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans við að því gefnu að veiting umræddra gæða leiði til borgaralegra réttinda. Þetta átti við í þessu tilviki þar sem kærandi átti augljóslega rétt til lögmætrar málsmeðferðar og hefði hann fengið fjármögnun hefði það leitt af sér borgaraleg réttindi. Í ljósi þess taldi dómstóllinn að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans ætti við í þessu máli og tók því málið til efnislegrar meðferðar.

Dómstóllinn ítrekaði þá afstöðu sína að réttur til „opinberrar málsmeðferðar“ samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans fæli í sér rétt til munnlegs málflutnings nema í sérstökum tilvikum. Því þyrfti að kanna hvort slíkar sérstakar aðstæður ættu við í máli kæranda. Staðreyndir málsins voru umdeildar og kærandi hafði óskað sérstaklega eftir að fá að leiða vitni fyrir stjórnsludómstóllinn til þess að fjalla um málsatvik. Umrædd sönnunarfærsla hafði því þýðingu fyrir úrslit málsins. Stjórnsludómstóllinn staðfesti hvorki að krafan hefði komið fram né rökstuddi hvers vegna ekki var fallist á hana. Dómstóllinn benti á að erfitt væri fyrir hann að meta hvort lögmætar ástæður hefðu verið fyrir því að stjórnsludómstóllinn ákvað að hafa ekki munnlegan málflutning eða hvort það hefði hreinlega gleymst, enda væri ákvörðunin örökstudd. Því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að málsmeðferðin hefði ekki verið réttlát og að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

### **Nait-Liman gegn Sviss – Yfirdeild**

**Dómur frá 15. mars 2018**

**Mál nr. 51357/07**

### **6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

*Lögsaga. Lögmætt markmið.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandinn, Abdennacer Nait-Liman, er túnískur ríkisborgari og hefur einnig öðlast svissneskan ríkisborgarétt. Hann er fæddur árið 1962 og búsettur í Versoix í Sviss. Að sögn kæranda var hann handtekinn af ítölskum yfirvöldum á heimili sínu á Ítalíu 22. apríl 1992 og færður til sendiráðs Túnís í Genóa. Þar var honum birt ákæruskjal þess efnis að öryggi ítalska ríkisins stæði ógn af honum.

Kærandi byggði á því að hann hefði síðan verið fluttur til Túnís af opinberum starfsmönnum þar sem honum var haldið gegn vilja sínum og pyntaður í húsnæði innanríkisráðuneytisins frá 24. apríl til 1. júní 1992. Þar þurftu hann, að eigin sögn,

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

að þola miklar kvalir samkvæmt skipunum þáverandi innanríkisráðherra Túnis. Þessi meðferð á kæranda hafði alvarlegar og langvarandi líkamlegar og sálrænar afleiðingar í för með sér. Honum tókst að flýja Túnis til Sviss árið 1993 og fékk þar hæli árið 1995.

Hinn 14. febrúar 2001 lagði kærandi fram kæru hjá saksóknara á hendur fyrrverandi innanríkisráðherra Túnis sem á þeim tíma naut aðhlyningar á sjúkrahúsi í Sviss. Kærandi óskaði eftir því að fá að hafa uppi einkakröfu fyrir skaðabótum í refsímáli gegn innanríkisráðherranum fyrrverandi. Þann 19. febrúar 2001 hætti saksóknari að rannsaka málið á þeirri forsendu að innanríkisráðherrann fyrrverandi væri farinn úr landi og að lögregla hefði ekki getað handtekið hann.

Hinn 8. júlí 2004 höfðaði kærandi skaðabótamál fyrir svissneskum dómstólum gegn túníska ríkinu og fyrrverandi innanríkisráðherra Túnis. Héraðsdómstóll í Sviss sem fór með málið vísaði því frá á þeim grundvelli að dómstóllinn skorti lögsögu yfir sakarefninu. Dómstóllinn taldi að tenging málsins við Sviss væri lítil sem engin. Kærandi kærði niðurstöðuna til áfrýjunardómstóls en sá dómstóll vísaði málinu einnig frá, þó á þeim grundvelli að innanríkisráðherrann fyrrverandi og túníska ríkið nytu friðhelgi gagnvart lögsöknum. Ákvörðun svissnesku dómstólanna byggðist á 3. gr. svissneskra laga um alþjóðlegan einkamálarétt. Frekari kærur í málinu báru engan árangur.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi kvartaði yfir því að svissnesku dómstólarnir hefðu neitað að taka skaðabótamál hans efnislega fyrir á grundvelli meints skorts á lögsögu. Kærandi taldi að þetta hefði brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi skv. 6. gr. mannréttindasáttmálans.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn fór yfir skilyrði þess að 6. gr. sáttmálans ætti við, þ.e. að gildissvið ákvæðisins væri háð því að kveðið sé á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti. Hann komst að þeirri niðurstöðu að ákvæðið ætti við í þessu máli á þeim grundvelli að til staðar væri „ósvikinn og alvarlegur“ ágreiningur milli aðila og að kærandi gæti leitað réttar síns með viðurkenndum hætti innan lögsögu Sviss, hvort sem það væri vegna svissneskra laga á sviði kröfuréttar eða vegna skuldbindinga ríkisins samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum.

Í ljósi þess að réttur kæranda að dómstólum í Sviss hafði verið takmarkaður fór dómstóllinn yfir það hvort sú ákvörðun hefði uppfyllt skilyrði um lögmætt markmið og meðalhóf.

Hvað varðar lögmætt markmið þá var komist að þeirri niðurstöðu á fyrra dómstigi Mannréttindadómstólsins að „alheimslögsaga“ í einkamálum væri til þess fallin að valda dómstólum töluverðum erfiðleikum. Undir þetta var tekið í dómi yfirdeildar sem varpaði fram þeirri spurningu hvort dómur gæti hlotið skilvirka fullnustu við slíkar aðstæður. Dómstóllinn var jafnframt sammála málflutningi

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

ríkisins sem sneri að hættu á auknu álagi á dómstóla landsins þar sem slíkur dómur væri líklegur til að veita fordæmi og fleiri málsaðilar með svipuð álitafni myndu vilja leita réttar síns í viðkomandi lögsögu. Þess vegna væri þessi takmörkun sanngjörn til að tryggja skilvirgni dómkerfisins og hefði þar af leiðandi réttmætt markmið.

Í umfjöllun um meðalhöfsskilyrðið reyndi á svigrúm aðildarríkjanna til mats en dómstólar aðildarríkjanna hafa það hlutverk að túlka landsrétt í hverju ríki fyrir sig. Ákvæði sáttmálans gilda ekki í tómarúmi, heldur verður að túlka þau til samræmis við aðrar réttarheimildir þjóðaréttar.

Dómstóllinn vísaði til þess að tvennskonar lögsaga að þjóðarétti hefði þýðingu í málinu, annars vegar alheimslögsaga og hins vegar lögsaga af nauðsyn. Hið síðara skilgreindi dómstóllinn þannig að um undantekningartilvik væri að ræða þar sem dómstóll liti svo á að hann hefði tilfallandi lögsögu vegna þess að óyfir-stíganlega erfitt væri að höfða málið annars staðar. Skoða þyrfti hvort Sviss væri bundið af því að viðurkenna lögsögu vegna pyndinga vegna alþjóðlegrar venju eða alþjóðasamninga.

Til að kanna hvort til staðar væri venja sem hefði þýðingu um skyldu til að viðurkenna alheimslögsögu bar dómstóllinn saman lögsögu í 39 Evrópuríkjum og sá að eingöngu Holland hefði alheimslögsögu í pyndingarmálum. Fyrir utan Evrópu væri slík lögsaga eingöngu viðurkennd í Bandaríkjunum og í Kanada og í síðastnefnda tilvikinu eingöngu þegar pyndingar væru liður í hryðjuverki. Mörg aðildarríki Evrópuráðsins höfðu alheimslögsögu í sakamálum og þar gátu brotaþolar sett fram einkaréttarkröfu. Dómurinn dró þá ályktun að það heyrði til undantekninga að ríki viðurkenndu alheimslögsögu vegna pyndinga. Þannig var ekki hægt að draga þá ályktun að til staðar væri venja sem gerði það að verkum að Sviss yrði að hafa lögsögu í máli kæranda. Þá voru engin ákvæði um þetta atriði í alþjóðasamningum. Því væri Sviss ekki skylt að þjóðarétti hafa lögsögu í málinu.

Hvað varðar mögulega skyldu til að viðurkenna lögsögu af nauðsyn þá skoðaði dómstóllinn framkvæmd í 40 ríkjum og sá að 28 Evrópuríki viðurkenndu ekki slíka lögsögu. Því væri sú lögsaga ekki almennt viðurkennt og gæti ekki verið álitin venja. Þá var engin slík skylda í þjóðaréttarsamningum.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að Sviss væri ekki skylt að þjóðarétti að taka bótakröfu kæranda fyrir og hefðu því mikið svigrúm til mats hvað þetta varðar.

Við athugun á því hvort Sviss hefði farið út fyrir þetta svigrúm til mats skoðaði dómstóllinn 3. gr. svissneskra laga um alþjóðlegt einkamálaréttarfar og dóma svissneskra dómstóla í málinu.

Hvað varðar skilyrði svissneskra laga þá vísaði dómstóllinn til þess að rannsókn hans á þeim ríkjum sem viðurkenndu lögsögu af nauðsyn benti til þess að hún væri notuð í undantekningartilvikum og háð tveimur skilyrðum. Í fyrsta lagi að ekki væri til staðar lögsaga annars staðar og hins vegar að nægileg tengsl væru milli málsins og þess ríkis sem tæki málið fyrir. Að þessu sögðu var talið að skilyrði svissneskra laga hefðu ekki farið út fyrir svigrúm til mats.

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Hvað varðar beitingu svissneskra dómstóla á svigrúminu þá áréttaði dómstóllinn að dómstólar viðkomandi ríkja hefðu talsvert svigrúm til að meta tengsl hverju sinni. Dómstóllinn taldi túlkun á svissneskra dómstóla hvorki hafa verið handahófskennda né augljóslega ósanngjarna og ekkert benda til þess að farið hefði verið út fyrir svigrúmið til mats.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans þar sem ákvörðun svissneskra dómstóla hefði falið í sér lögmætt markmið og verið innan marka þess svigrúms sem Sviss hefur til mats á ákvæðum sáttmálans.

Í lokin tók dómstóllinn fram að þessi niðurstaða hefði ekki áhrif á þá samstöðu í alþjóðasamfélaginu um að tryggja þolendum pyndinga rétt til viðeigandi bóta og hvatti ríki til þess að tryggja að unnt sé að sækja þennan rétt. Þá tók dómstóllinn fram að málið varðaði svið sem væri í sífelldri þróun og útilokaði ekki breytingar í framtíðinni.

### **Correia de Matos gegn Portúgal – Yfirdeild**

**Dómur frá 4. apríl 2018**

**Mál nr. 56402/12**

### **6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

*Skýlda til að hafa verjanda.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandinn er fæddur árið 1944 og búsettur í Portúgal. Hann er menntaður lögfræðingur en starfar sem endurskoðandi. Hinn 23. september 1993 var honum vikið úr lögmannafélaginu í Portúgal og meinað að starfa sem lögmaður þar í landi. Ástæðan var sú að störf hans sem endurskoðandi voru talin ósamrýmanleg störfum hans sem lögmanns.

Þrátt fyrir þetta var kærandi að störfum sem lögmaður. Þann 28. febrúar 2008 hafði kærandi verið lögmaður í einkamáli og gagnrýndi ákvarðanir dómara í málinu. Dómarinn sendi saksóknara kvörtun vegna hegðunar kæranda.

Hinn 10. febrúar 2010 var kærandi ákærður fyrir að hafa móðgað dómaramann og embætti saksóknara skipaði kæranda verjanda samkvæmt 64. gr. portúgalskra laga um meðferð sakamála, en kærandi hafði ekki útvegað sér verjanda. Mánudí síðar, þann 12. mars, lagði kærandi inn beiðni um að verja sjálfan sig í málinu en þeirri beiðni var hafnað í september sama ár af dómstóli með vísan til 32. gr. portúgölsku stjórnarskrárinnar og laga um meðferð sakamála. Áfrýjunardómstóll í Coimbra hafnaði kröfu kæranda í desember 2010 með einfaldri vísun í fyrrnefnd sakamála, að samkvæmt þeim væri sakborningi ekki heimilt að gegna stöðu verjanda í einu og sama sakamáli. Í maí 2012 komst stjórnskipunardómstóll að sömu niðurstöðu.

Réttarhöldin yfir kæranda fóru síðan fram fyrir sakamáladómstólnum í Baixo-Vouga í desember 2013. Kærandi mætti ekki sjálfur en skipaður verjandi hans var á staðnum. Kærandi var sakfelldur og dæmdur til að greiða sekt og málskostnað,

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

þ.á.m. 150 evrur vegna starfa verjandans. Hann innti enga greiðslu af hendi og ekkert fékkst upp í skuldina eftir aðför að eignum kæranda.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi byggði á því að með því að hafna beiðni hans um að verja sjálfan sig í sakamáli og fara fram á að honum væri skipaður verjandi hefðu dómstólar í Portúgal brotið gegn c-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans.

#### *Niðurstæða*

Dómstóllinn vísaði til þess að portúgalski löggjafinn hefði ávallt lagt áherslu á skyldubundna lögfræðiaðstoð í sakamálum. Þá hefðu dómstólar þar í landi margoft vísað til þess í dómSORðum hve mikilvægt það væri fyrir sakborning og fyrir almannahag. Þetta væri tryggt skýrum orðum í stjórnarskrá landsins og fylgt á öllum dómstigum þess. Einnig var ítrekað að þessi regla væri ekki til þess að hamla möguleikum varnarinnar eða takmarka þá heldur frekar til að styrkja og tryggja öllum sakborningum skilvirka vörn. Þessi ákvörðun portúgalskra dómstóla, að krefjast þess að kærandi þægi verjanda, væri því liður í öflugu og ítarlegu kerfi til að vernda sakborninga.

Dómstóllinn tók fram að jafnvel þótt kærandi væri löglærður þá gæti málsmeðferðin og ákæran sem slík aftrað honum frá því að verja sjálfan sig á skilvirkan hátt enda var hann ekki lengur starfandi sem slíkur og því var honum fenginn verjandi. Þá væri einnig ljóst að hann hefði tekið að sér mál án þess að hafa til þess leyfi og verið ákærður fyrir að hafa móðgað dómara í þeirri málsmeðferð. Þarna hefði því myndast skynsamlegur vafi um það hvort hann hefði burði til að verja sjálfan sig.

Dómstóllinn fór yfir portúgalska löggjöf og tók saman ýmis atriði sem aðskilja réttindi verjanda og sakbornings. Niðurstæðan var sú að sakborningar njóta þýðingarmeiri réttinda gagnvart málsmeðferðinni og var þar nefndur rétturinn til að vera viðstaddur viðkomandi réttarhöld öllum stundum, rétturinn til að svara ekki ákveðnum spurningum og heimild til að draga til baka allar ráðstafanir sem verjandi hefur gert fyrir þeirra hönd. Að lokum gæti sakborningur krafist þess að fá nýjan verjanda ef fyrir því lægju réttmætar ástæður.

Með vísan í svigrúm aðildarríkjanna til mats taldi dómstóllinn að portúgalska kerfið, sem tryggði sakborningum verjanda, væri réttmætt og ástæðurnar að baki því væru nægilegar og þarfar. Með níu atkvæðum gegn átta komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Alls átta dómamarar skiluðu fimm sératkvæðum.

**Zubac gegn Króatíu – Yfirdeild**

**Dómur frá 5. apríl 2018**

**Mál nr. 40160/12**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar**

***Aðgangur að dómstólum.***

**1. Málsatvik**

Kærandinn Vesna Zubac er fædd árið 1959 og búsett í Svartfjallalandi. Málið varðar samning sem tengdafaðir hennar, V, gerði við þriðja aðila, FO og HA, um húsnæðisskipti á eign hans sem staðsett er í Dubrovnik við eign FO og HA í Trebinje í Bosníu og Herzegóvínu. Samningurinn var gerður 29. september 1992 en V lést á tímabilinu 2001 og 2002. K, ekkja V, sinnti lögfræðistörfum við gerð samningsins fyrir hönd eiginmanns síns.

Þann 14. ágúst 2002 stefndi MZ, eiginmaður kæranda og sonur V, afkomendum F.O. og H.A., í því skyni að fá samningnum rift og til þess að fá eignarhald yfir fyrrnefndu húsnæði í Trebinje. Ástæða riftunarinnar var að samningurinn teldist ekki lögmætur vegna nauðungar. Lögmaðurinn MC annaðist málarekstur fyrir MZ en hann var starfandi lögmaður frá Svartfjallalandi. Málið var höfðað fyrir héraðsdómstólnum í Dubrovnik. Lögmaður frá Króatíu tók við málinu í febrúar 2005 þegar málaferli voru hafin. Sá hækkaði kröfur MZ úr 10 þúsund króatískum kúnum í 105 þúsund og var því mótmælt af hálfu varnaraðila. Héraðsdómur vísaði málinu frá í september 2005 og dæmdi kæranda til að greiða málskostnað.

Kæru til næsta dómstígs var einnig vísað frá og því ákvað MZ að reyna að kæra málið fyrir hæstarétti Króatíu. Þeirri kæru var einnig vísað frá vegna þess að krafa MZ var undir lögbundnum mörkum til þess að fá mál tekið fyrir hæstarétt, eða 100 þúsund kúnar. Upphaflega krafan var því langt undir þeim mörkum og hæstiréttur taldi að sú breyting sem orðið hafði á kröfunni hefði komið of seint fram. Breyta hefði þurft kröfunni áður en málaferli hófust eða meðan á undirbúningi þeirra stóð.

**2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

***Kæran***

Kærandi kvartaði yfir að eiga ekki aðgang að Hæstarétti Króatíu en slíka takmörkun taldi hún fela í sér brot gegn rétti hennar samkvæmt 6. gr. mannréttindasáttmálans.

***Niðurstaða***

Dómstóllinn taldi þetta lögbundna lágmark hjá hæstarétti fyrir fjárhæð kröfu vera lögmæta og skynsama kröfu enda ætti það dómstig einungis að taka fyrir þýðingarmikil og nauðsynleg mál. Að baki takmörkuninni væri það lögmæta markmið að hlífa dómskerfinu við of miklu álagi. Dómstóllinn tók einnig fram að takmörkunin sem fólst í lágmarksfjárhæð hefði hvorki gengið lengra en nauðsynlegt þótti við að takmarka aðgang kæranda að dómstólum né farið út fyrir það svigrúm til mats sem aðildarríkið hafði til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum.



## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Jafnframt taldi dómstóllinn að mistök varðandi fjárhæð kröfunnar sem gerð voru í málaferlunum hefðu verið á ábyrgð kæranda því hægt hefði verið að forðast þau frá upphafi. Dómaframkvæmd hæstaréttar var afar skýr hvað varðaði slíkar breytingar á gerðum kröfum. Dómstóllinn beindi athyglinni einnig að lögmanni kæranda, sem var frá Króatíu og með tilskilin réttindi, en hann hefði átt að þekkja bæði þessa dómaframkvæmd og löggjöfina í aðildarríkinu.

Niðurstaðan var því sú að ákvörðun hæstaréttar hefði verið lögmæt og í fullu samræmi við sáttmálann. Áfrýjunarkerfi aðildarríkisins taldist vera gagnsætt fyrir alla sem vildu leita réttar síns og því var það einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans.

### **Baydar gegn Hollandi** **Dómur frá 24. apríl 2018** **Mál nr. 55385/14** **1. mgr. 6. gr.** **Réttlát málsmeðferð.**

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Ilkay Baydar, er fæddur árið 1968 og búsettur í Apeldoorn í Hollandi. Hann hefur bæði hollenskt og tyrkneskt ríkisfang.

Í október árið 2011 var kærandi dæmdur af áfrýjunardómstóli í Arnhem til fangelsisvistar í 40 mánuði fyrir mansal og heróínflutning. Dóminum var áfrýjað til hæstaréttar sem staðfesti hann án þess að endurskoða staðreyndir málsins (*appeal in cassation*) en mildaði þó dóminn í 34 mánuði vegna þess hve áfrýjunarferlið dróst úr hömlu.

Kærandi kvartaði sérstaklega yfir sakfellingu sinni fyrir mansal. Áfrýjunardómstóllinn taldi sýnt að kærandi hefði hagnast fjárhagslega á því að hafa umsjón með því að sjá Írökum fyrir óleyfilegri búsetu í Hollandi, Pýskalandi og Danmörku. Kærandi hélt því hins vegar fram að áfrýjunardómstóllinn hefði ekki sannað að Írakarnir hefðu verið „búsettir“ í Hollandi, Pýskalandi eða Danmörku heldur bentu sönnunargögn til þess að kærandi hefði verið að flytja þá til Danmerkur um Holland og Pýskaland. Dvöl Írakanna í Hollandi og Pýskalandi hefði verið tímabundin og engar sannanir væru fyrir „búsetu“ þeirra í þessum löndum. Á þeim grundvelli krafðist kærandi þess að hæstiréttur leitaði eftir forúrskurði frá dómstóli Evrópusambandsins hvað varðaði túlkun á hugtakinu „búseta“. Dómstóllinn neitaði og vísaði málinu frá með þeim rökstuðningi að miðað við landsrétt þyrfti ekki frekari skýringar þar sem umkvörtunarefnið varðaði ekki mikilvæg lagaleg álitæfni hvað varðar lagalega einsleitni og lagalega þróun.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### **Kæran**

Kærandi byggði á 6. gr. mannréttindasáttmálans og kvartaði yfir því að hæstiréttur hefði hafnað beiðni hans um forúrskurð frá dómstóli Evrópusambandsins



## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

---

og hefði ekki komið með fullnægjandi rökstuðning fyrir þeirri höfnun þó að þeim hefði borið skylda til þess.

### *Niðurstæða*

Dómstóllinn byrjaði á að lýsa þeirri skoðun sinni að það færi ekki gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þegar æðri dómstólar vísuðu frá kvörtun með því aðeins að vísa til viðeigandi laga, ef kvörtunin varðaði ekki nein grundvallarálitámál laga, einkum þegar um flýtimeðferð væri að ræða.

Dómstóllinn var sammála þeim rökstuðningi hæstaréttar að þegar áfrýjun án endurskoðunar á staðreyndum væri hafnað, væri engin ástæða til þess að sækjast eftir forúrskurði því að ekki væri um lagalegt álitamál að ræða. Dómstóllinn benti einnig á að dómstóll Evrópusambandsins hefði úrskurðað að dómstólar í landsrétti væru ekki skyldugir til að vísa beiðni um forúrskurð til dómstóls Evrópusambandsins ef álitamálið sem um ræddi hefði engin áhrif á niðurstöðu málsins.

Þar sem hæstiréttur hafði rannsakað til hlítar áfrýjunarrökstuðning kæranda og að ekkert benti til þess að málsmeðferðin hefði verið óréttlát, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

---

## 7. gr. Engin refsing án laga

---

**G.I.E.M. S.R.L. og aðrir gegn Ítalíu – Yfirdeild**

**Dómur frá 28. júní 2018**

**Mál nr. 1828/06, 34163/07 og 19029/11**

**6. gr., 7. gr. og 1. gr. 1 viðauka**

***Upptaka eignarlands.***

### 1. Málsatvik

Málið varðaði upptöku eignarlands en löggjöf aðildarríkisins gerði ráð fyrir slíkri aðgerð vegna ólögðra framkvæmda. Kærendur töldu aðgerð stjórnvalda skorta nægilega lagaheimild. Kærendur voru fjögur ítölsk fyrirtæki ásamt ítalska ríkisborgaranum Filippo Girona sem er fæddur árið 1959 og býr í Pellaro en hann var forstjóri eins fyrirtækisins. Dómstóllinn ákvað að sameina kærurnar í eitt mál í ljósi þess að málin ættu sameiginlegan uppruna og lögfræðilega samhengið væri slíkt hið sama.

Samkvæmt ítölskum skipulagslögum er sakadómur bundinn af því að gera upptækt land og eignir á því ef ólögð mætarmark framkvæmdir eiga sér stað á því, óháð því hvort einhver hafi verið sakfelldur fyrir verknaðinn og óháð því hvort þriðji aðili eigi eignirnar á landinu.

Aðilar málsins kvörtuðu yfir því að hafa þurft að þola slíka eignaupptöku án þess að hafa verið sakfelldir formlega, ýmist vegna þess að hvorki félagið né forstjórar þeirra hefðu verið ákærðir eða vegna þess að eingöngu forstjórnir hefðu verið ákærðir en ekki félögin, eða vegna þess að ákærufni hefðu verið fyrnd (sem átti við um einstaklinginn Girona).

Þessi reifun mun beina sjónum að málsatvikum í G.I.E.M.-málinu. Fyrirtækið G.I.E.M. átti land í Bari sem var staðsett við hliðina á landi Sud Fondi en sú fyrrnefnda þótti heppilegt byggingarland. Árið 1992 ákváðu borgaryfirvöld í Bari að semja við Sud Fondi um væntanlegar framkvæmdir á landi þeirra en samkvæmt G.I.E.M. átti land þeirra að tilheyra sjálfkrafa slíkum samningi. Í október á sama ári lögðu yfirvöld fram fyrirspurn til G.I.E.M. um afstöðu þeirra til samningsins svo að hægt væri að byggja á þeirra landi. G.I.E.M. samþykkti og sendi inn formlega beiðni um að taka þátt í samningnum en yfirvöld svöruðu ekki. Sud Fondi hóf framkvæmdir í febrúar 1995.

Í mars 1997 fór saksóknari fram á allsherjar stöðvun byggingarframkvæmda á svæðinu. Jarðirnar tvær voru staðsettar á svæði sem nefnist Punta Perotti en saksóknarinn taldi það vera náttúruverndarsvæði. Hæstiréttur Ítalíu felldi ákvörðunina úr gildi í nóvember og fyrirskipaði stjórnvöldum að skila eignunum á svæðinu aftur til eigenda sinna á þeim forsendum að ekki væri óheimilt að byggja á svæðinu samkvæmt deiliskipulagi.

Í febrúar 1999 úrskurðaði héraðsdómstóllinn í Bari að byggingarnar sem byggðar voru við Punta Perotti væru ólöglegar og brytu gegn ítölskum lögum sem bönnuðu veitingu byggingarleyfa vegna náttúruverndarsjónarmiða. Í ljósi þess

## 7. gr. Engin refsing án laga

að yfirvöld höfðu gefið út byggingarleyfin og með hliðsjón af ósamræmi milli viðeigandi lagaákvæða í málinu, komst dómstóllinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að fyrirtækin hefðu hvorki sýnt af sér vanrækslu né ásetning til brots. Hæstiréttur taldi hins vegar síðar allt skipulag og öll byggingarleyfin vera ólögmat og fyrirskipaði upptöku bygginganna og eignarlandsins.

G.I.E.M. reyndu að endurheimta jörð sína í frekari dómsmálum. Það var hins vegar ekki fyrr en borgaryfirvöld í Bari fóru þess á leit við héraðsdómstólinn í Bari í október 2012, eftir dóm Mannréttindadómstólsins í máli Sud Fondi, að skila kæranda eignarlandi sínu, að svo var gert með dómsúrskurði í desember 2013.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandur kvörtuðu yfir eignaupptöku yfirvalda, þó að þeir hefðu ekki verið sakfelldir fyrir nein brot, og að með því hefði verið brotið gegn meginreglunni um enga refsingu án laga skv. 7. gr. sáttmálans. Jafnframt töldu þeir að yfirvöld hefðu brotið gegn 1. gr. 1. viðauka um friðhelgi eignarréttarins og 6. gr. um réttláta málsmeðferð. Að sama skapi vísaði eitt fyrirtækjanna til 13. gr. um réttinn til rauhæfs úrræðis til að leita réttar síns.

### *Niðurstaða*

Í upphafi leitaðist dómstóllinn við að skilgreina hugtakið *refsing* í skilningi 7. gr. sáttmálans og komst að þeirri niðurstöðu að eignaupptakan í öllum málunum hefði talist vera *refsing*, jafnvel þótt ekki kæmi til sakamáls í skilningi 6. gr. sáttmálans. Dómurinn leit til skilyrða sem sett voru fram í máli Sud Fondi srl o.fl. gegn Ítalíu (75909/01) frá 30. ágúst 2007.

i. Hvort eignaupptaka hefði átt sér stað í kjölfar sakfellingar í refsímáli: Enda þótt félögin hefðu ekki verið sakfelld eða fyrirvarsmenn þeirra þá var eignaupptakan tengd refsiverðri háttsemi í skilningi laga. Þetta atriði var þó ekki talið ráða úrslitum.

ii. Skilgreining eignaupptökunnar í landsrétti: Lagaákvæðið bar heitið Refsiadgerðir.

iii. Tegund og tilgangur eignaupptökunnar: Ætlunin var að refsa, um var að ræða skyldubundna refsingu sem ekki var háð sönnun um tiltekna afleiðingar framkvæmda svo sem möguleg umhverfisspjöll.

iv. Alvarleiki afleiðinga eignaupptökunnar: Um var að ræða alvarlega íhlutun. Ekki var eingöngu um að ræða landið sem til stóð að framkvæma á heldur stærra svæði.

v. Málsmeðferð við eignaupptöku: Eignaupptakan var ákveðin af sakadómi. Aðildarríkið hélt því fram að sakadómurinn væri í reynd að starfa í stað stjórnsýslu en dómurinn féllst ekki á þetta, m.a. vegna þess að sakadómurinn framkvæmdi sjálfstætt mat á aðstæðum.

Niðurstaðan var því sú að 7. gr. sáttmálans ætti við og að um refsingu hefði

## 7. gr. Engin refsing án laga

verið að ræða. Við mat á því hvort gætt hefði verið að varnögllum ákvæðisins leit dómurinn til eftirfarandi:

i. Hvort eignaupptakan hefði krafist huglægrar afstöðu: Dómurinn staðfesti að ákvæði 7. gr. krefðist þess að huglæg afstaða þyrfti að ná til persónulegrar ábyrgðar geranda, annars myndi skorta fyrirsjáanleika refsingar. Þetta útilokaði hins vegar ekki að það gætu verið ákveðin kerfi hlutlægrar ábyrgðar. Þetta mætti hins vegar ekki ganga svo langt að útilokað væri fyrir einstakling að sanna sakleysi sitt. Samræmisskýring gerði það að verkum að fordæmi um 2. mgr. 6. gr. sáttmálans gilda einnig um 7. gr.

ii. Skortur á formlegri sakfellingu: Ákvæði 7. gr. útilokar að refsfa einstaklingi án þess að refsiverð háttsemi hans hafi verið staðfest áður. Annars væri einnig brotið gegn ákvæði 2. mgr. 6. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að fyrri fordæmi hans gerði það ekki að verkum að sakfelling í refsímáli yrði að liggja að baki eignaupptöku vegna ólögmatra framkvæmda. Það væri fullnægjandi að uppfylla skilyrði 7. gr. og virða málsmeðferð skv. 6. gr. sáttmálans. Ekki kom til mats á þessu atriði varðandi félögin enda voru þau ekki ákærð, en einstaklingurinn Girona var talinn hafa notið málsmeðferðar skv. sáttmálanum enda þótt fyrningarfrestir gerðu það að verkum að hann var ekki sakfelldur.

iii. Hvort eignaupptaka gæti átt sér stað gegn félögum sem ekki voru aðilar að máli: Ákvæði 7. gr. sáttmálans var talið girða fyrir það að aðila væri refsað vegna refsiverðrar háttsemi annars aðila. Vegna þess að ítölsk lög gerðu ekki ráð fyrir aðild félaga að slíkum málum voru þau talin þriðju aðilar í þessum skilningi. Þannig var eignaupptaka af félögum sem ekki voru aðilar málsins talin brjóta gegn 7. gr. sáttmálans.

Hvað varðar 1. gr. 1. viðauka sáttmálans þá kom 2. mgr. ákvæðisins til skoðunar. Dómstóllinn leit til þess að fyrirkomulag, sem gerði ráð fyrir sjálfvirkri eignaupptöku, gæti ekki gefið dómstólum svigrúm til þess að fjalla um nauðsyn og meðalhóf íhlutunarinnar. Þar sem eignaupptakan var sjálfvirk gat aðili ekki varið sig og var það talið brjóta gegn jafnræði málsaðila. Þá voru félögin ekki aðilar og gátu þannig ekki notið þeirrar verndar sem ákvæðið gerir ráð fyrir. Þar af leiðandi komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að réttur aðila samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans hefði verið brotinn.

Hvað varðar Girona sérstaklega þá var talið brotið gegn ákvæði 2. mgr. 6. gr. sáttmálans með því að lýsa hann sekan þótt brot hans væru fyrnd.

---

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

---

**Anchev gegn Búlgaríu**

**Ákvörðun frá 5. desember 2017 (birt 11. janúar 2018)**

**Mál nr. 38334/08 og 68242/16**

**8. gr., 6. gr. og 13. gr.**

**Frávísun. Afhjúpun.**

### 1. Málsatvik

Kærandi, Haralambi Borisov Anchev, er búlgarskur lögfræðingur fæddur árið 1953 og er búsettur í Sófíu. Stuttu eftir fall kommúnismans árið 1989 tók búlgarska ríkisstjórnin þá ákvörðun að leggja niður leyniþjónustu landsins en á næstu mánuðum tókst yfirvöldum að eyða tæpum þriðjungji allra skjala stofnunarinnar.

Árið 2006 ákvað löggjafinn að afhjúpa nöfn þeirra sem birtust í skjölunum sem ennþá voru til. Áhersla yrði lögð á háttsetta einstaklinga í opinbera geiranum og hluta einkageirans og var nefnd falið að framfylgja lögnum.

Kærandi sinnti nokkrum embættum í Búlgaríu á tíunda áratugnum, þar á meðal var hann dómsmálaráðherra og staðgengill forsætisráðherra í nokkra mánuði árið 1997. Nefndin tók hann fyrir þrisvar vegna rannsókna á tengslum hans við leyniþjónustu landsins, einu sinni árið 2008 og tvisvar árið 2014.

Fyrsta rannsóknin fór fram árið 2008 vegna stöðu kæranda sem opinbers starfsmanns en nefndin tók þá ákvörðun að afhjúpa tengsl hans við leyniþjónustuna á árunum 1982–1990 og meðal gagna í málinu var lykilkort með persónuupplýsingum kæranda, útfyllt skráningarform og skýrsla um ráðningu hans. Sú deild leyniþjónustunnar sem kærandi átti að hafa starfað við var upplýsinga- og greiningardeild. Þessi ákvörðun nefndarinnar var birt á vefsíðu hennar en kærandi kærði ekki ákvörðunina þar sem hann taldi það vera tilgangslaust. Hann skrifaði hins vegar grein í dagblað þar sem hann þvertók fyrir að hafa verið samstarfsaðili og benti á að leyniþjónustan hefði oft sett rangar upplýsingar í skjöl sín til að fylla ráðningarkvóta eða vegna annarra annarlegra hvata.

Seinni tvær rannsóknirnar leiddu til sömu niðurstöðu en þær vörðuðu stjórnarsetu kæranda í lögmannafélaginu og í einkafyrirtæki sem hafði keypt fasteign í eigu ríkisins. Þessar síðari tvær ákvarðanir nefndarinnar voru byggðar á sömu gögnum og þeim sem lágu til grundvallar ákvörðuninni árið 2008.

Kærandi leitaði réttar síns vegna síðari tveggja málanna án árangurs fyrir búlgörskum dómstólum en niðurstaða þeirra var sú að nefndin hefði ekki þurft að athuga nánar hvort kærandi hefði í raun samþykkt að vera skráður samstarfsaðili eða skoda betur eðli og umfang þátttöku hans. Nefndin starfaði hreinlega eftir löggjöfinni sem veitti henni heimild til að afhjúpa upplýsingar um kæranda ef gögn fundust um hann. Vegna þessa hefði ákvörðunin um að gera upplýsingar um hann opinberar verið lögmæt en niðurstaðan var byggð á dómaförðæmum stjórnskipunardómstóls í Búlgaríu.

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Eftir að kærandi var afhjúpaður árið 2008 var hann sem fyrr áberandi í viðskiptum og opinberu lífi með því að skrifa greinar og vera gestur í útvarps- og sjónvarpsþáttum sem fjölluðu um álitæfni samfélagsins. Á meðan mál hans var fyrir dómstólnum var hann enn meðlimur í lögmannafélagi Sófíu.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi kvartaði yfir fyrirkomulagi hins lögboðna kerfis þar sem ekkert einstaklingsbundið mat hafði farið fram á gögnum málsins hvað varðaði áreiðanleika þeirra um hann eða aðild hans að leyniþjónustunni og verkefnum hennar. Þar af leiðandi hefði spurningunni um það hvort hann hefði í raun unnið með leyniþjónustunni verið ósvarað. Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hans samkvæmt 8. gr. um friðhelgi einkalífs og 13. gr. um raunhæf úrræði aðila til að leita réttar síns þar sem ákvörðunin um að afhjúpa hann hefði valdið honum álitshnekki og miklu uppnámi í einka- og félagslífi. Kærandi taldi einnig að málsmeðferðin í kjölfar ákvörðunar nefndarinnar hefði brotið gegn 6. gr. þar sem hann naut ekki skilvirks aðgangs að dómstóli og var því óréttlát.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að takmörkunin á friðhelgi einkalífs kæranda með afhjúpuninni hefði verið lögmeð og löggjöfin sjálf aðgengileg og jafnframt skýr um það hvenær einstaklingur kynni að sæta rannsókn og afhjúpun. Ferlið var einnig tryggt að mati dómstólsins með ýmsum varnögnum og þá einna helst þeirri staðreynd að eina leiðin til þess að afhjúpa mann væri í gegnum fyrrnefnda nefnd sem kjörin var af þinginu og stjórnadist ekki af einhverjum einum stjórn málafllokki. Lögin sem veittu nefndinni heimild voru ítarleg og fólu einnig í sér kærueimild sem kærandi hafði nýtt sér í tveimur tilvikum.

Dómstóllinn samþykkti þann hluta málflutnings aðildarríkisins sem sneri að mikilvægi upprisu lýðræðis í landinu eftir fall kommúnismans og aukið gagnsæi í störfum ríkisstofnana. Því tengdu féllst dómstóllinn á að búlgörsk yfirvöld hefðu aukið svigrúm til mats á því hvernig best væri að kljást við eftirmála fyrrnefnds falls. Búlgörsk yfirvöld hefðu varið rúmum 16 árum í að rökræða hvernig kerfið ætti að vera og hverja ætti að afhjúpa og löggjafinn samþykkti lögin að lokum þvert á þingflokka. Að sama skapi hafði stjórnskipunardómstóll endurskoðað lögin árið 2012.

Það kerfi sem skapaðist var að mati dómstólsins innan þess svigrúms sem aðildarríkinu er veitt þar sem löggjöfin átti aðeins við aðila sem hlutu háttsettar stöður eftir fall stjórnarfyrrirkomulagsins í Austur-Evrópu. Enn fremur fól afhjúpunin ekki í sér viðurlög heldur var tilgangurinn með kerfinu aukið gagnsæi. Búlgarskir dómstólar hefðu skýrt afhjúpunina svo að ekki væri um að ræða opinbera staðfestingu á samstarfi við kommúnista eða spillingu, heldur einfaldlega aðgengilegar upplýsingar um fyrrum leyniþjónustu landsins.

Þó að búlgarska kerfið hefði ekki falið í sér einstaklingsbundið mat í hverju

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

máli, byggt á fyrirliggjandi gögnum, sem var helsta málsástæða kæranda, þá taldi dómstóllinn það vera réttlætunlegt. Búlgaría valdi þá leið að gera ekki upp á milli einstaklinga; ef nafn birtist í skjölunum sem höfðu varðveist þá var það afhjúpað þótt engin sönnunargögn væru til um meint samstarf.

Að lokum fór dómstóllinn yfir það að kærandi hefði fengið aðgang að gögnunum um sig strax eftir afhjúpunina og honum hefði tekist að mótmæla henni opinberlega í fjölmiðlum. Afhjúpunin braut ekki gegn meðalhófi enda þótt nefndin hefði tekið fyrir tvö önnur tilvik um kæranda; nefndin þurfti að taka mál fyrir í röð enda mikill fjöldi fólks og stofnana sem hún átti eftir að rannsaka. Allt að einu voru síðari málin tvö alveg eins og það fyrsta.

Að öllu framangreindu virtu taldi dómstóllinn að afhjúpunarkerfið, sem tengdi kæranda við fyrrum leynipjónustu aðildarríkisins, hefði verið nauðsynlegt í lýðræðisríki og þar af leiðandi hefði kvörtunin verið augljóslega illa grunduð í skilningi 35. gr. sáttmálans og kæran því ótæk og henni vísað frá. Hið sama átti við um kvörtun kæranda á grundvelli 6. og 13. gr.

### **National Federation of Sportspersons' Associations and Unions (FNASS)**

#### **og aðrir gegn Frakklandi**

#### **Dómur frá 18. janúar 2018**

#### **Mál nr. 48151/11 og 77769/13**

#### **8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

#### ***Takmörkun ferðafrelsis.***

### **1. Málsatvik**

Kærandur eiga það sameiginlegt að vera stéttarfélag íþróttamanna í Frakklandi svo sem atvinnumanna í fótbolta, körfuboltamanna og hjólreiðarmanna svo dæmi séu nefnd. FNASS eru regnhlífarsamtök þessara stéttarféлага og voru stofnuð árið 1992 en innan raða hreyfingarinnar eru um 3500 íþróttamenn.

Í apríl 2010 tóku stjórnvöld í Frakklandi þá ákvörðun að samræma löggjöf um íþróttamenn og heilsu þeirra meginreglum alþjóðalyfjareglanna sem Alþjóðalyfjæftirlitið (WADA) gefur út. Nýja franska löggjöfin tók gildi í febrúar 2012.

Ákvæði 3. og 7. gr. frönsku löggjafarinnar reyndust vera umdeild ákvæði máls en þau fólu í sér þá kröfu að íþróttamenn sem enduðu í úrtaki fyrir lyfjaprófun urðu að gera grein fyrir nákvæmri staðsetningu sinni hverju sinni svo hægt væri að framkvæma slíkar ótilkynntar lyfjaprófanir. Nokkrir kæranda töldu þetta vera takmörkun á ferðafrelsi þeirra og brot gegn friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs en dómstóll í Frakklandi hafnaði kröfum þeirra um ógildingu laganna.

Samkvæmt reglunum neyddust íþróttamennirnir á þriggja mánaða fresti til að veita ítarlegar upplýsingar um hvar þeir væru niðurkomnir og tilgreina á hvaða tíma dags það myndi henta þeim að fá klukkustundarheimsókn frá fulltrúum lyfjæftirlitsins.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandur töldu að kröfur frönsku lögjafarinnar um að lyfjaeftirlitið yrði að fá nákvæmar upplýsingar um daglega staðsetningu einstaklinga hefði falið í sér brot gegn friðhelgi einkalífs þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn leit svo á að frönsku reglurnar fælu í sér takmörkun á rétti einstaklinganna enda urðu nokkrir kærenda að upplýsa stjórnvöld um það hvar nákvæmlega þeir væru niðurkomnir og daglegar ferðir alla daga vikunnar. Slíkar kröfur væru vissulega túlkaðar sem takmörkun á einkalífi íþróttamannanna. Hvað varðar kröfu 2. mgr. 8. gr. sáttmálans um að takmörkun stjórnvalda verði að byggjast á lagaheimild, túlkaði dómstóllinn reglurnar svo að þær teldust lagaheimild þó svo að þær væru komnar frá franska lyfjaeftirlitinu, enda voru þær birtar og aðgengilegar öllum íþróttamönnum. Reglurnar höfðu vissulega lögmeð markmið í samræmi við 2. mgr. 8. gr., þ.e. þær voru „til verndar heilsu manna“, enda telst lyfjamisnotkun vera heilbrigðisvandamál og því væru forvarnir og eftirlit með slíku nauðsynleg.

Pegar kom að umfjöllun um nauðsyn takmörkunarinnar í lýðræðislegu þjóðfélagi lagði dómstóllinn áherslu á þá ríku samstöðu sem myndast hefur milli heilbrigðiskerfisins, stjórnvalda og alþjóðlegra stofnana í baráttunni gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Að það væri mikilvægt tæki til forvarna fyrir yngri kynslóðina að sjá fyrirmyndir sínar, þær sem nota ólögleg lyf, sæta afleiðingum fyrir brot sín. Að sama skapi fjallaði dómstóllinn um aðferðina að baki ótilkynntum lyfjaprófunum og þann árangur sem náðst hefur með stöðugri samræmingu lagareglna innan og utan Evrópu.

Að lokum benti dómstóllinn á að hið umrædda eftirlitskerfi átti þess kost að tryggja lagaramma fyrir frekara lyfjaeftirliti og að það væri hreinlega nauðsynlegt fyrir íþróttamenn að setta sig við sanngjarna takmörkun á einkalífi sínu gagnert til þess að berjast gegn þeirri umræddu plágu sem lyfjamisnotkun væri.

Niðurstaðan var því sú að franska ríkið hefði fundið rétt jafnvægi milli réttindanna í málinu og því ekki brotið gegn rétti kærenda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

## **Hadzhieva gegn Búlgaríu**

**Dómur frá 1. febrúar 2018**

**Mál nr. 45285/12**

### **8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

***Jákvæðar skyldur. Barn skilið eftir við handtöku foreldra.***

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Dzheren Hadzhieva, er fædd 1988. Hún er með túrkmenskan og rússneskan ríkisborgararétt og býr í Varna í Búlgaríu. Hún fluttist með fjölskyldu



## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

sinni til Búlgaríu árið 2001 og fékk þar fyrst dvalarleyfi árið 2002 og síðar dvalarleyfi af mannúðarástæðum árið 2007. Faðir kæranda hafði verið varaformaður stjórnar seðlabanka Túrkménistan og síðar þátttakandi í stjórnmálahreyingu sem gagnrýndi stjórnvöld þar í landi. Fjölskyldan hafði verið ofsótt vegna þessa. Hinn 4. desember 2002, þegar kærandi var 14 ára, handtók búlgarska lögreglan foreldra hennar að ósk túrkmenskra yfirvalda sem héldu því fram að foreldrarnir hefðu dregið sér fé. Handtakan atvikaðist þannig að lögreglan kom á heimili kæranda þegar foreldrar hennar voru ekki heima. Kærandi hringdi í foreldra sína en áður en þeir komu heim yfirheyrdi lögreglan kæranda og hamlaði för hennar. Í kjölfar handtökunnar fóru foreldrar kæranda fram á dómsúrskurð og var niðurstaða dómstóla degi síðar sú að frelsissviptingin væri án lagastofar. Foreldrarnir voru þá handtekin á ný og fór saksóknari fram á að þau yrðu svipt frelsi í 72 tíma vegna framsalsbeiðni túrkmenskra yfirvalda. Hinn 6. desember 2002 framlengdi dómstóll í Varna frelsissviptingu þeirra í 30 daga. Að sögn spurði dómariinn móður kæranda með aðstoð túlks í þinghaldinu hvort kærandi hefði umönnunaraðila og svaraði móðirin með því að hrista höfuðið. Að búlgörskum sið þýðir það já, en að kinka kolli nei og túlkaði dómariinn þetta svar svo að kærandi hefði umönnunaraðila. Foreldrar kæranda voru í haldi búlgörsku lögreglunnar í tvær vikur þar til þeim var sleppt 17. desember 2002. Á meðan foreldrar kæranda voru í haldi var kærandi skilin eftir ein sín liðs og fékk enga aðstoð frá búlgörskum yfirvöldum. Árið 2006 krafðist kærandi skaðabóta frá búlgarska ríkinu fyrir þá streitu og þær þjáningar sem hún hafði mátt þola eftir að hafa verið skilin ein eftir á meðan báðir foreldrar hennar voru í haldi. Kröfunni var vísað frá árið 2012.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum *Kæran*

Kærandi byggði kæru sína til Mannréttindadómstólsins á því að með því að skilja hana eftir umkomulausa á meðan foreldrar hennar sátu í varðhaldi, hefðu búlgörsk stjórnvöld gerst brotleg við 8. gr. sáttmálans um vernd einkalífs og fjölskyldu.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn skipti tímabilinu sem kærandi hafði verið skilin ein eftir í tvennt í afstöðu sinni til málsins. Fyrra tímabilið var sá tími sem leið frá handtöku foreldra kæranda 4. desember þar til þeir komu fyrst fyrir rétt þann 6. desember 2002. Seinna tímabilið var frá 6. desember og þar til foreldrum kæranda var sleppt úr haldi 17. desember 2002.

Dómstóllinn taldi að búlgörsk stjórnvöld hefðu gerst brotleg við 8. gr. sáttmálans hvað varðaði fyrra tímabilið. Kærandi var aðeins 14 ára þegar hún var skilin ein eftir og búlgörskum stjórnvöldum bar að sjá til þess að hún væri örugg og hugsað væri um hana frá því augnabliki þegar foreldrar hennar voru handteknir.

Hvað varðaði síðara tímabilið taldi dómstóllinn að 8. gr. sáttmálans hefði ekki verið brotin því að þá hefðu foreldrar kæranda átt þess kost að sjá til þess að hugsað

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

væri um dóttur þeirra og búlgörsk stjórnvöld hefðu ekki haft neinar forsendur til að halda að svo hefði ekki verið gert. Litið var til þess að foreldrarir voru menntaðir og hefðu notið aðstoðar lögmanns sem var nágrenni þeirra. Þannig hefðu þeir átt þess kost að tilkynna að barnið væri án umönnunaraðila og stjórnvöldum hefði ekki borið skylda til að kanna nánar hvernig málum var háttað.

### **Libert gegn Frakklandi**

**Dómur frá 22. febrúar 2018**

**Mál nr. 588/13**

**6. gr. Réttlát málsmeðferð**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Fríðhelgi einkalífs. Aðgengi vinnuveitanda að persónulegum gögnum starfsmanna.*

### **1. Málsatvik**

Kærandi, Eric Libert, er franskur ríkisborgari sem vann fyrir lestarfyrirtæki rekið af franska ríkinu (SNCF) frá 1976 og þar til honum var sagt upp starfi árið 2008. Ástæða uppsagnarinnar var sú að í vinnutölvu kæranda hafði fundist mikið magn af klámi og fölsuðum flutningsvottorðum. Kærandi vefengdi uppsögn sína á þeim grundvelli að samkvæmt frönskum lögum mættu vinnuveitendur ekki opna persónuleg gögn starfsmanna í vinnutölvum að þeim fjarstöddum. Franskir dómstólar úrskurðuðu að vinnuveitendur mættu gera ráð fyrir að öll gögn í vinnutölvum væru vinnutengd nema annað kæmi skýrt fram. Því hefði vinnuveitanda kæranda verið heimilt að rannsaka umrædd gögn í vinnutölvu hans.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandi byggði mál sitt fyrir dómstólnum á tveimur ákvæðum sáttmálans, 6. gr. (réttlát málsmeðferð) og 8. gr. (fríðhelgi einkalífs). Hvað varðar 8. gr. kvartaði kærandi yfir því að vinnuveitandi hans hefði opnað að honum fjarstöddum persónuleg gögn hans í vinnutölvunni og með því brotið gegn fríðhelgi einkalífs hans. Hvað varðar 6. gr. hélt kærandi því fram að franskur dómstóll hefði vikið frá fordæmi fyrri dóma með dómi sínum í máli hans sem bryti gegn réttinum til réttlátrar málsmeðferðar.

#### ***Niðurstæða***

Dómstóllinn fjallaði um það að samkvæmt frönskum lögum væri vinnuveitendum heimilt að opna skjöl í vinnutölvum nema þau væru merkt persónuleg með skýrum hætti. Réttur vinnuveitenda til að opna slík skjöl í tölvum starfsmanna var byggður á því að vinnuveitendur gætu haft ríka ástæðu til þess að fylgjast með því að starfsmenn væru að uppfylla starfsskyldur sínar. Að starfsmanni fjarstöddum var vinnuveitendum óheimilt að opna persónuleg skjöl hans. Í tilviki kæranda hafði kærandi nefnt harðan disk sinn „D:/données personnelles“ („D:/persónuleg gögn“).

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Á harða diskinum var bæði að finna vinnugögn og persónuleg gögn. Franskir dómstólar mátu það því svo að kærandi hefði ekki merkt persónuleg gögn sín með skýrum hætti og vinnuveitanda hans því verið heimilt að opna gögn hans.

Dómstóllinn úrskurðaði að mat franskra dómstóla á því hvort brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs kæranda hefði verið rétt og því hefði ekki verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn vísaði frá þeim hluta kærunnar er byggðist á 6. gr. sáttmálans þar sem sýnt þótti að ekkert athugasvert væri við dómafrankvæmd franskra dómstóla.

### Lozovyve gegn Rússlandi

**Dómur frá 24. apríl 2018**

**Mál nr. 4587/09**

### 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

*Friðhelgi fjölskyldunnar. Jákvæðar skyldur. Réttur til að vita af andláti fjölskyldumeðlims.*

#### 1. Málsatvik

Kærandur, hjónin Andrey Lozovoy og Tamara Lozovaya, eru rússneskir ríkisborgarar fædd 1952 og 1954. Þau búa í bænum Belomorsk í rússneska sjálfstjórnar lýðveldinu Karelia. Sonur þeirra var myrtur í St. Pétursborg 1. desember 2005 og síðar jarðaður þar án þess að haft væri uppi á aðstandendum hans. Kærandur fréttu af láti sonar síns í febrúar 2006 og fengu nokkrum vikum síðar að grafa upp jarðneskar leifar hans og flytja til Belomorsk. Í bráðabirgðaúrskurði í júní 2006 úrskurðaði héraðsdómur Primorskiy að rannsakandi morðmálsins hefði ekki reynt á fullnægjandi hátt að hafa uppi á aðstandendum hins látna þó að allar nauðsynlegar upplýsingar hefðu verið nærtækar. Kærandur fóru í kjölfarið fyrir héraðsdóm Tverskoy í Moskvu til að sækja bætur fyrir að hafa ekki verið látin vita af andláti sonar síns en dómstóllinn dæmdi á þá leið að rannsakandinn hefði ekki brotið lög og hafnaði því bótakröfu kæranda.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

##### *Kæran*

Kærandur kvörtuðu yfir því að stjórnvöld hefðu ekki látið þau vita tímanlega af andláti sonar þeirra. Þau hefðu ekki vitað hvar sonur þeirra var niður kominn í langan tíma og hefðu verið svipt möguleika á sómasamlegri útför. Dómstóllinn ákvað að rannsaka hvort 8. gr. (réttur til einkalífs og fjölskyldu) mannréttinda-sáttmála Evrópu hefði verið brotin í þessu sambandi.

##### *Niðurstaða*

Dómstóllinn leit svo á að 8. gr. sáttmálans ætti við þar sem það hefði haft áhrif á einkalíf og fjölskyldulíf kæranda að stjórnvöld hefðu ekki haft samband við þau áður en þau jörðuðu son kæranda.

Dómstóllinn taldi að eðli og alvarleiki aðstæðna hefði verið slíkur að

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

stjórnvöldum hefði borið að reyna að hafa uppi á aðstandendum. Rannsakandi morðmálsins og lögregla hefðu ekki nýtt sér þær leiðir sem í boði voru til að hafa uppi á aðstandendum, eins og komið hefði fram í bráðabirgðaúrskurði frá júní 2006, og stjórnvöld hefðu ekki útskýrt af hverju það var ekki gert.

Dómstóllinn úrskurðaði því að stjórnvöld hefðu gerst brotleg við 8. gr. sáttmálans og rússneska ríkinu var gert að greiða kærendum bætur fyrir fjárhagslegt tjón (kostnað vegna endurgreftunar og flutnings) og fyrir ófjárhagslegt tjón.

### **M.L. og W.W. gegn Þýskalandi**

**Dómur frá 28. júní 2018**

**Mál nr. 60798/10 og 65599/10**

### **8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**Rétturinn til að gleymast.**

#### **1. Málsatvik**

Kærandur, M.L. og W.W., eru þýskir ríkisborgarar og hálfbræður sem voru árið 1993 dæmdir í lífstíðarfangelsi fyrir morð á þekktum þýskum leikara árið 1991. Þeir héldu ætíð fram sakleysi sínu og eru í dag báðir lausir úr fangelsi skilorðsbundið. Mál bræðranna var talsvert til umræðu í fjölmiðlum og árið 2000 fjallaði útvarpsstöðin *Deutschlandradio* um morðið þar sem fram komu meðal annars full nöfn þeirra bræðra. Afrit af umfjölluninni var geymt á netinu í gagnagrunni útvarpsstöðvarinnar.

Árið 2007 fóru kærandur fram á það fyrir dómi að persónugreinanlegar upplýsingar um þá í afritinu yrðu afmáðar. Þeir gerðu ekki kröfu um að afritið yrði fjarlægð í heild sinni. Héraðsdómur og áfrýjunardómstóll féllust á þessar kröfur en alríkisdómstóll felldi þá úrskurði úr gildi, einkum á þeim grundvelli að ekki hefði verið tekið nægilegt tillit til tjáningarfrelsis útvarpsstöðvarinnar og réttar almennings til upplýsinga. Kærandur stóðu síðan í svipuðum málaferlum gegn blöðunum *Der Spiegel* og *Mannheimer Morgen* en höfðu ekki erindi sem erfiði fyrir þýskum dómstólum.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærandur byggðu kröfu sína á því að ákvarðanir þýskra dómstóla í málum þeirra brytu gegn 8. gr. mannréttinasáttmálans hvað varðar vernd einkalífs kærenda og rétt þeirra til að gleymast.

##### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn fór yfir hvað fælist í réttinum til einkalífs samkvæmt 8. gr. Hann féllst á það að í vissum tilvikum ættu einstaklingar rétt á að upplýsingar um þá væru ekki opinberar. Hins vegar ætti 8. gr. ekki við þegar um væri að ræða fyrirsjáanlega dreifingu upplýsinga sem leiddi af hegðun einstaklinga. Mál kærenda væri þess eðlis að það hefði hlotið mikla fjölmiðlaathygli og þá hefðu kærandur ekki hagað

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

---

sér eins og þeir vildu komast hjá opinberri umfjöllun. Þá yrði að gæta jafnvægis milli persónuverndar og tjáningarfrelsis. Dómstóllinn lagði áherslu á mikilvægt hlutverk frjálsra fjölmiðla í lýðræðissamfélagi. Hann benti einnig á að stjórnvöld hefðu ákveðið svigrúm til að finna jafnvægi á milli persónuverndar og tjáningarfrelsis hverju sinni og að veigamikil rök þyrfti til þess að dómstóllinn endurskoðaði það mat.

Niðurstaða dómstólsins var að ekki væri ástæða til að endurskoða úrskurði þýskra dómstóla og að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

---

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

---

**Sekmadienis gegn Litháen**  
**Dómur frá 30. janúar 2018**  
**Mál nr. 69317/14**  
**10. gr. Tjáningarfrelsi**  
*Tjáningarfrelsi. Auglýsingar.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Sakmadienis, er einkahlutafélag í Vilnius. Í september og október 2012 hratt fyrirtækið af stað auglýsingaherferð með myndum af karlmanni í gallabuxum með húðflúr og kvenmanni í hvítum kjól með perlufesti um háls. Yfirskriftir myndanna voru ýmsar skírskotanir í Jesú Krist og Maríu mey á borð við *Jesús! Þvílíkar buxur!*

Nokkrir einstaklingar kvörtuðu yfir auglýsingunum til Neytendastofu ríkisins, SCRPA, sem hóf rannsókn á málinu til að kveða upp úrskurð. Fyrst fékk SCRPA ráðgefandi álit frá LAA, sjálfstæðri stofnun þar sem sérfræðingar í markaðsmálum störfuðu. Stofnunin taldi auglýsingarnar brjóta markaðssiðareglur þar í landi.

SCRPA leitaði einnig til eftirlitsstofnunar ríkisins með framleiðsluvörum að undanskildum matvælum, sem taldi í álitinu sínu að hinar umræddu auglýsingar sem fólu í sér trúarlegar tilvísanir væru óviðeigandi og gætu verið í andstöðu við lög um markaðssetningu. Þar að auki veitti SCRPA litháíska biskupsembættinu tækifæri til að veita umsögn. Embættið taldi auglýsinguna hafa verið vanvirðandi og að slík meðferð á trúarlegum táknum væri andstæð opinberu siðferði. Kærandi svaraði þessu álitinu með því að benda á að skoðun þessa eina hóps, í landi þar sem ekki væri ríkiskirkja, gæti ekki endurspeglad skoðun alls þjóðfélagsins.

Niðurstaða SCRPA var hins vegar sú að auglýsingarnar hefðu brotið gegn lögum um markaðssetningu og kærandi hlaut ríflega 600 evru sekt. Í niðurstöðu kom fram að vísunin til Jesú og Maríu meyjar hefði verið óviðeigandi og lýst niðrandi viðhorfum í garð kristinna gilda. Það væri hluti af góðu siðferði að bera virðingu fyrir trúarbrögðum annarra. Sakmadienis ákvað að bera niðurstöðuna undir dómstóla en málinu var vísað frá árið 2014.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi kvartaði yfir því að stjórnvaldssektin sem fyrirtækið hlaut hefði brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans þar sem hún gæti ekki talist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi.

#### *Niðurstaða*

Aðilum kom saman um að sektin hefði skert tjáningarfrelsi kæranda en dómstóllinn lýsti yfir efasemdum um það hvort kærandi hefði getað séð fyrir að

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

háttsemi fyrirtækisins félli undir ákvæði markaðssetningalaga, sér í lagi vegna þess að lögunum hefði verið breytt til þess sérstaklega að stöðva auglýsingar sem fælu í sér andúð á trúarbrögðum.

Dómstóllinn féllst á að takmörkunin á tjáningarfrelsinu hefði falið í sér lögmætt markmið, þ.e. að vernda siðferðileg gildi kristinnar og rétt trúaðra til að komast hjá lítilsvirðingu á þeim grundvelli einum að vera trúaðir. Í niðurstöðu sinni fór dómstóllinn yfir svigrúm aðildarríkjanna til mats og taldi það vera víðtækara í málum líkt og þessu, einkum vegna þess viðskiptaþáttar sem var ríkjandi í málinu. Í ljósi þess að auglýsingarnar virtust hvorki vera gróflega særandi né fela í sér hvatningu til að tjá hatur á trúarbrögðum undirstrikaði dómstóllinn þá skyldu sem hvíldi á herðum aðildarríkjanna að styðja takmörkunina með víðeigandi og nægum röksemdum.

Dómstóllinn taldi réttlætningarnar fyrir takmörkuninni hafa verið óljósar og að í þeim hefði ekki verið að finna útskýringu á því hvers vegna trúarlegu tilvísanirnar í auglýsingunni væru særandi. Yfirvöld hefðu litið framhjá þeim útskýringum kæranda að uppsetning og tilgangur auglýsinganna hefði verið í því skyni að skírskota með spaugilegum hætti í daglega málvenju litháísku þjóðarinnar en ekki að vísa beinlínis til trúarbragða.

Dómstóllinn rýndi jafnframt í ákvörðun SCRPA og gagnrýndi harðlega þann hluta hennar sem vísaði til þess að auglýsingar hefðu það hlutverk að hvetja til líffernis sem væri ekki í samræmi við siðferði og gildi trúaðrar manneskju. Þessu hélt SCRPA fram án þess þó að útskýra nánar hvert það lífferni væri, hvernig auglýsingarnar gætu hvatt til þess eða af hverju sá lífsstíll sem væri í andstöðu við kristileg gildi væri þar af leiðandi í andstöðu við siðferði almennings. Þar að auki gagnrýndi dómstóllinn harðlega þá staðreynd að eini trúarhópurinn sem átti þess kost að veita umsögn var kaþólska kirkjan. Slík vinnubrögð samræmast illa þeim meginreglum sem Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur slegið föstum.

Að lokum ítrekaði dómstóllinn að tjáningarfrelsið næði einnig til þeirrar tjáningar sem hefur það að hlutverki að móðga, hneyksla eða trufla aðra, og jafnvel þótt tæplega hundrad manns hefði kvartað yfir auglýsingunum gæti það eitt og sér ekki réttlætt það að sekta kæranda. Jafnvel þó að talsverður meirihluti þjóðarinnar hefði móðgast þá væri ekki hægt að skilyrða rétt minnihlutans samkvæmt sáttmálanum út frá skoðunum meirihlutans.

Niðurstaðan var því sú að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

**Şahin Alpay gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 20. mars 2018**

**Mál nr. 16538/17**

**1. tl. og 3.-5. tl. 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

**15. gr. Skerðing réttinda á hættutímum**

***Bláðamaður. Tjáningarfrelsi. Gæsluvarðhald. Málshraði.***

**Sjá umfjöllun undir 5. gr.**

---

## 15. gr. Skerðing réttinda á hættutímum

---

Şahin Alpay gegn Tyrklandi

Dómur frá 20. mars 2018

Mál nr. 16538/17

1. tl. og 3.–5. tl. 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

10. gr. Tjáningarfrelsi

15. gr. Skerðing réttinda á hættutímum

*Tilraun til valdaráns.*

Sjá umfjöllun undir 5. gr.



---

## 35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt

---

**Írland gegn Bretlandi**

**Dómur frá 20. mars 2018**

**Mál nr. 5310/71**

**35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt**

***Frávísun. Pyndingar. Endurupptaka.***

### 1. Málsatvik

Mál þetta var upphaflega dæmt árið 1978. Niðurstaða þess var að beiting breskra yfirvalda á svonefndum „aðferðunum fimm“ á írskum mönnum, sem voru í haldi á grundvelli neyðarlaga, mætti jafna við ómannlega og vanvirðandi meðferð. Aðferðirnar fólust í því að mennirnir voru látnir standa gleiðir með útréttar hendur við vegg, voru látnir vera með hettur, sviptir mat og svefni og neyddir til að hlusta á stöðugt, hávært suðandi hljóð. Í dóminum frá 1978 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að meðferð þessi jafnaðist þó ekki á við pyndingar.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### ***Kæran***

Kærandi, Írland, óskaði eftir því í desember 2014 að upprunalegi dómurinn yrði endurskoðaður á grundvelli 80. gr. reglna dómstólsins. Samkvæmt reglunni er endurupptaka heimil ef nýjar staðreyndir koma fram sem hefðu getað haft áhrif á upprunalega dóminn.

Samkvæmt kæranda höfðu slíkar staðreyndir komið fram í heimildarmynd sem sýnd var í írsku sjónvarpi í júní 2014. Stjórnvöld hefðu því næst aflað gagna sem sýndu að sérfræðingur breskra stjórnvalda í upprunalega málinu hefði farið vísitandi með rangt mál þegar hann sagði að langtímaáhrif aðferðanna fimm væru engin. Kærandi benti einnig á önnur gögn sem sýndu að bresk stjórnvöld hefðu reynt að koma í veg fyrir að dómstóllinn kæmist að sannleikanum um aðferðirnar fimm.

Kærandi byggði mál sitt á því að ef dómstólnum hefði verið kunnugt um þetta við upphafleg málaferli hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að aðferðirnar fimm jöfnuðust á við pyndingar.

#### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn benti á að endurupptaka máls samkvæmt 80. gr. reglna dómstólsins væri takmörkuð heimild bundin við að mjög mikilvægar nýjar staðreyndir hefðu komið í ljós. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði ekki sýnt fram á að þessar nýju staðreyndir hefðu haft áhrif á niðurstöðu hins upprunalega dóms. Upprunalegi dómurinn hefði ekki minnst á að möguleg langtímaáhrif meðferðarinnar myndu skipta máli. Í dóminum hefði komið fram að stigsmunurinn á „pyndingum“ og „ómannlegri og vanvirðandi meðferð“ fælist í því hve slæmar

### **35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt**

---

þjáningarnar væru. Óvíst væri hvort langtíma hugræn áhrif meðferðarinnar hefðu skipt máli í mati dómstólsins. Þannig væru engin rök til þess að endurskoða upprunalega dóminn og var málinu vísað frá.

---

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

---

**Radomilja o.fl. gegn Króatíu – Yfirdeild**

**Dómur frá 2. mars 2018**

**Mál nr. 37685/10 og 22768/12**

**1. gr. 1. viðauka. Eignarréttur**

***Frávísun. Hefð.***

### **1. Málsatvik**

Kærendur eru allir króatískir ríkisborgarar. Í máli nr. 37685/10 eru kærendur Mladen Radomilja, Ivan Brčić, Vesna Radomilja, Nenad Radomilja og Marin Radomilja, búsett í Stobreč. Í máli nr. 22768/12 eru kærendur Jakov Jakeljić og Ivica Jakeljić, búsett í Split.

Í gömlu Júgóslavíu var ekki hægt að stofna til eignarréttar með hefð yfir landi sem var „félagslegu eignarhaldi“ háð (sérstakt júgóslavískt hugtak). Króatísk lög tóku síðan mið af þessu svo að ekki var hægt að miða við tímabilið frá 6. apríl 1941 til 8. október 1991 við mat á því hvort eignarréttur hefði stofnast með hefð yfir slíkum landareignum. Lög sem viku frá þessari reglu voru tímabundið í gildi frá 1997 til 1999 en voru síðar talin brjóta gegn stjórnarskrá.

Kærendur fóru fyrir dóm árið 2002 og gerðu kröfu um viðurkenningu á eignarrétti á grundvelli hefðar yfir landi sem háð var félagslegu eignarhaldi. Í tilviki Radomilja-fjölskyldunnar báru þau fyrir sig 70 ára hefð og í tilviki Jakeljić-fjölskyldunnar 100 ára hefð. Upphaflega var báðum fjölskyldum dæmt í hag en við áfrýjanir voru þeir dómur felldir úr gildi. Áfrýjunardómstóllinn lagði áherslu á að eina leiðin til að eignarréttur gæti stofnast samkvæmt hefð yfir umræddum landsvæðum væri ef um væri að ræða 40 ára óslitna hefð fyrir apríl 1941, en svo væri ekki þar sem hefð hefði stofnast árið 1912.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærendur byggðu málatilbúnað sinn á 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmálans og héldu því fram að brotið hefði verið á eignarrétti þeirra þar sem króatískir dómstólar neituðu að viðurkenna að eignarréttur hefði stofnast með hefð.

Í dómi Mannréttindadómstólsins 28. júní 2016 var dæmt kærendum í hag. Byggt var á máli *Trgo gegn Króatíu* þar sem málsatvik voru um margt lík en kærandi hafði gert kröfu um eignarrétt samkvæmt hefð árið 1997, þegar tímabundið ákvæði var í gildi sem felldi úr gildi regluna um að ekki væri hægt að miða við tímabilið frá 6. apríl 1941 til 8. október 1991 við mat á því hvort eignarréttur samkvæmt hefð hefði stofnast. Úrskurður stjórnskipunardómstóls Króatíu um að ákvæðið færi gegn stjórnarskrá hafði ekki afturvirk áhrif og því hefði kærandi, Trgo, stofnað til eignarréttar með hefð.

Í dómi Mannréttindadómstólsins 28. júní 2016 var byggt á því að ef krafa kærenda hefði ekki áhrif á eignarrétt þriðja aðila væri ekki réttlætlanlegt að undan-

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

skilja tímabilið frá 6. apríl 1941 til 8. október 1991 við mat á hefð. Mistök króatískra stjórnvalda með ákvæðinu sem var andstætt stjórnarskrá ætti ekki að hafa neikvæð áhrif á kærendur.

Króatísk stjórnvöld óskuðu eftir því að málið færi fyrir yfirdeild dómstólsins á grundvelli 43. gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Yfirdeildin taldi að með því að byggja á *Trgo* hefði dómstóllinn farið út fyrir verksvið sitt því að kærendur, Radomilja o.fl., hefðu ekki byggt eignarrétt sinn á tímabilinu 6. apríl 1941 til 8. október 1991 í upphaflegri kæru sinni eins og kærandi í *Trgo* hafði gert. Kærendur bættu því við mál sitt áður en það fór fyrir yfirdeild, en yfirdeildin taldi að með því hefði nýtt mál stofnast sem yrði að vísa frá þar sem það væri komið fram utan kærufrests.

Kærendur byggðu einnig á því að króatískir dómstólar hefðu mistúlkað króatísk lög og færu rangt með staðreyndir. Yfirdeildin sá ekkert rangt við túlkun króatískra dómstóla á lögum eða hvernig farið var með staðreyndir í málum kærenda. Niðurstaða yfirdeildar var að eignarréttur kærenda væri ekki studdur af króatískum lögum og væri því ekki verndaður af 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

## **O'Sullivan McCarthy Mussel Development Ltd. gegn Írlandi**

**Dómur frá 7. júní 2018**

**Mál nr. 44460/16**

**1. gr. 1. viðauka og 6. gr.**

***Eignarréttur. Verndarsvæði.***

### **1. Málsatvik**

Kærandinn, hér eftir nefndur O'Sullivan, er fyrirtæki sem ræktar kræklinga við hafnarsvæðið í County Kerry á Írlandi en það er eitt af nokkrum slíkum ræktunarsvæðum þar í landi. Fyrirtækið veiðir kræklingaegg á sumrin og ræktar þau síðar meir á svæðinu en það hefur starfað frá því á áttunda áratug liðinnar aldar. Það tekur um tvö ár að rækta kræklingana á markað.

Fyrirtæki verða að afla leyfis til að veiða kræklinga og fá úthlutað tilteknum dagsetningum samkvæmt ákveðinni lagasetningu, og heyrir það undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti Írlands. Leyfin eru gefin út til tíu ára og veiðibáturinn þarf einnig að vera skráður og hafa tilskilin leyfi. Viðbótarskilyrði var komið á laggirnar með nýrri löggjöf hjá Evrópusambandinu sem kvað á um frekari leyfisveitingu ef kræklingaveiðar færu fram á náttúruverndarsvæðum.

Árið 1993 kviknaði sú hugmynd meðal stjórnvalda að skilgreina fyrrnefnt hafnarsvæði sem sérstakt verndarsvæði villtra fugla en slíkt hafði ekki áhrif á starfsemi O'Sullivan. Hins vegar var hafnarsvæðið skilgreint sem náttúruverndarsvæði árið 2000 á grundvelli tilskipunar frá Evrópusambandinu. Svo fór að Evrópudómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu árið 2007 að Írlandi hefði mistekist að rækta skyldur sínar í samræmi við fyrrnefnda löggjöf og á þeim grundvelli

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

ákváðu stjórnvöld að banna kræklingaveiðar tímabundið frá 9. júní til 1. júlí 2008, þar á meðal á hafnarsvæðinu í County Kerry. Bannið var síðan framlengt í lok ágúst, sama dag og O'Sullivan hafði heimild til að byrja að veiða eða þann 23. ágúst. Banninu var aflétt 5. október 2008 en þá höfðu kræklingaeggjin þornað upp og verið étin af óskilgreindum dýrum við hafnarsvæðið, líkt og O'Sullivan benti á í bréfi til yfirvalda.

Afleiðingar þessa voru þær að O'Sullivan hafði enga kræklinga til að selja árið 2010 og orsakaði það gífurlegt tjón fyrir fyrirtækið sem nam tæpum 300.000 evrum.

O'Sullivan leitaði réttar síns fyrir írskum dómstólum og hófst málsmeðferðin í febrúar 2009 gegn írskum stjórnvöldum. Málflutningur á fyrra dómstigi fór fram í nóvember 2012 en dómurinn var ekki kveðinn upp fyrr en 31. maí 2013 þar sem stefnda var dæmt í hag. Málflutningur fyrir hæstarétti fór fram í lok apríl 2015 og dómur var kveðinn upp í febrúar 2016 sem sneri við fyrri niðurstöðu.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

O'Sullivan kvartaði yfir því að brotið hefði verið á rétti fyrirtækisins samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans vegna neikvæðra áhrifa á tekjuöflun þegar hið tímabundna bann var lagt á árið 2008. Að sama skapi taldi fyrirtækið að brotið hefði verið gegn rétti þess samkvæmt 6. gr. sáttmálans sem kveður á um „rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma“ en að mati O'Sullivan tók málsmeðferðin fyrir írskum dómstólum of langan tíma því að tæp átta ár liðu frá banninu og þar til Hæstiréttur Írlands kvað upp dóm sinn.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að aðgerðir stjórnvalda hefðu vissulega falið í sér takmörkun á eignarrétti kærandans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans sem kveður á um að „öllum ... lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði“. Því þurfti dómstóllinn að líta til 2. mgr. 1. gr. viðaukans og sjá hvort takmörkunin fullnægði skilyrðum ákvæðisins. Markmiðið með lagasetningunni var skýrlega til þess fallið að vernda náttúruna, en það er réttlætningarástæða sem dómstóllinn benti á að nyti viðurkenningar í auknum mæli í nútímasamfélagi. Því væru lögmæt markmið að baki veiðibanninu.

Því næst fjallaði dómstóllinn um meðalhófsreglu 1. gr. 1. viðauka og lagði áherslu á að við takmörkun stjórnvalda þyrfti að veða og meta fyrirbyggjandi hagsmuni málsins, annars vegar almannahagsmuni og hins vegar rétt einstaklingsins. Dómstóllinn rakti afleiðingar veiðibannsins fyrir O'Sullivan, að þetta væri fyrirtæki sem væri háð mörgum ströngum og ítarlegum reglum og yrði að reiða sig á opinber leyfi frá ári til árs. Hins vegar þótti dómstólnum að O'Sullivan hefði mátt vænta þess, í þessu umhverfi kræklingaveiðanna, að sjá og finna fyrir einhverjum breytingum eða truflunum. Fyrirtækið yrði því að sýna fram á ákveðna aðgát gagnvart mögulegri áhættu í rekstri. Dómstóllinn tók fram að O'Sullivan

### 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

---

hefði ekki þurft að leggja niður allan rekstur árið 2008 og hefði aftur náð nokkrum tókum á honum árið 2009 vegna tiltekinna ívilnana frá Evrópusambandinu. Sú skerðing sem O'Sullivan varð fyrir þótti því nauðsynleg írskum stjórnvöldum til að uppfylla skyldur sínar gagnvart evrópskri náttúruverndarlöggjöf og skerðingin sem slík þótti ekki óhófleg. Allir dómara voru að lokum samhljóða í þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti O'Sullivan samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Hvað varðar málsástæðu kæranda um brot gegn 6. gr. sáttmálans vísaði dómstóllinn til þess að málið þótti flókið viðureignar, afla þurfti vísindalegra sönnunargagna og umrædd löggjöf einnig afar viðamikil. Dómstóllinn leit einnig til þess að það tók lögmenn kæranda oft langan og óútskýrðan tíma að afla gagna og undirbúa stefnur. Í ljósi þess að engar vísbendingar voru um langar tafir af hálfu dómskerfisins á Írlandi komst dómstóllinn samhljóða að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans.